

RÓTIN



Félag um málefni
kvenna með áfengis-
og fíknivanda

Ársskýrsla Rótarinnar 2019

Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda

Kt. 500513-0470

Vefsíða: www.rotin.is

Facebook: www.facebook.com/rotin.felag

Netfang: rotin@rotin.is

Höfundur: Kristín I. Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Ávarp talskonu	2
Ráð Róttarinnar	2
Starfsemi á árinu	3
Umræðukvöld	3
Fræðslusjóður	3
Námskeið og hópastarf	3
Erindi og ályktanir	3
Greinar og fréttir	3
Styrkir	4
Annað	4

Ávarp talskonu

Þá er lokið sjötta starfsári Rótarinnar og það sem hæst bar á starfsárinu var að á þessu starfsári hófu göngu sína námskeiðin fyrir konur sem glímt hafa við neysluvanda, Rótarhóparnir sem hófu göngu sína í janúar á þessu ári og síðan ráðstefnan *Drögum kynjatjöldin frá* um mánaðamót febrúar og mars. Þar fyrir utan höfum við haldið uppi hagsmunabaráttu og umræðum um málefni félagsins. Tvö umræðukvöld voru haldin á starfsárinu, og þriðja erindið verður flutt í kvöld, og Rótin átt fulltrúa á ráðstefnum og málþingum.

Ráðskonur hafa sem áður skrifað greinar og sent erindi til yfirvalda og haldið góðu sambandi við fagaðila og konur með fíknivanda. Á síðastliðnu ári höfum við fundið fyrir því að sjónarmið sem Rótin hefur barist fyrir eru ekki lengur á jaðrinum heldur eru fleiri og fleiri að breyta starfsháttum og að innleiða áfallaþekkingu í sína starfsemi. Síðasta ár var uppskeruár að þessu leyti þó að enn vanti nokkuð upp á að þjónusta við konur sé með þeim hætti sem við myndum óska.

Á árinu lauk einnig rannsókn Rótarinnar á reynslu kvenna af fíknimeðferð og voru niðurstöður hennar kynntar á ráðstefnunni *Drögum kynjatjöldin frá*. Félagið hefur notið styrkja frá heilbrigðisráðuneyti, Lýðheilsusjóði, Reykjavíkurborg og fleirum fyrir námskeiðin og ráðstefnuna. Föstudagskvöldið 15. febrúar kl. 20:00 blés svo Óháði kórinn til tónleika til styrktar Rótinni að frumkvæði Kristjáns Hrannars Pálssonar.

Þá má geta þess að ráðskonur félagsins hafa haldið erindi á málþingum og í skólum um konur og neysluvanda.

Félagið hefur fengið inni í Bjarkarhlíð með námskeið og Rótarhópinn og fyrir það erum við mjög þakklátar.

F.h. ráðs Rótarinnar,



Ráð Rótarinnar

Níu konur voru kosnar í ráð á aðalfundi 2018 og þrjár í vararáð. Ráðið 2018-2019 var skipað þannig: Árdís Þórðardóttir, Áslaug Kristjana Árnadóttir, Helena Bragadóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Katrín Guðný Alfreðsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir, Soffía Bæringsdóttir og Þórlaug Sveinsdóttir.

Vararáð: Edda Arinbjarnardóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir.

Ráðið skipti svo með sér verkum og var Kristín I. Pálsdóttir valin í talskonuhlutverk en Árdís Þórðardóttir gjaldkeri.

Ráð félagsins hittist að jafnaði einu sinni í mánuði.

Í dag eru 335 konur skráðar í félagið og eru á póstlista og 2.416 fylgja Rótinni á [Facebook](#).

Starfsemi á árinu

Umræðukvöld

Eins og á síðasta ári var áhersla á námskeið og hagsmunabaráttu. Tvö umræðukvöld voru haldin en áherslan sett á námskeiðin og Rótarhópin og einbeita sér að námskeiðum og annarri starfsemi. Við höfum, eins og undanfarin ár, notið velvilja húsráðenda á Hallveigarstöðum þar sem við höfum fengið inni endurgjaldslaust fyrir umræðukvöldin okkar og erum mjög þakklátar fyrir þann stuðning.

- ✓ [Umræðukvöld um meistaranám í fíknifræðum við Hazelden Betty Ford Graduate School of Addiction Studies](#). Guðrún Jóhannsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir og Vagnbjörg Magnúsdóttir. **14. nóvember 2018.**
- ✓ [Umræðukvöld um átraskanir og fíkn](#). Helga Þórðardóttir. **17. október 2018.**
- ✓ [„Við erum miklu fleiri“ – Rótarkvöld 9. apríl](#). Katrín Alfreðsdóttir og Guðrún Ebba Ólafsdóttir. **9. apríl.**
- ✓ [Aðalfundur og erindi](#). Eftir hefðbundin aðalfundarstörf verður Guðbrandur Árni Ísberg erindið „Frelsið er að skammast sín ekki fyrir sjálfan sig“. **9. maí 2018.**

Fræðslusjóður

- ✓ Fræðslusjóður styrkti gerð námsefnis fyrir námskeiðin en efni þeirra er frá Stephanie Covington. Guðrún Ebba Ólafsdóttir hefur haft veg og vanda af þýðingu námsefnisins.

Námskeið og hópastarf

- ✓ [Konur studdar til bata – námskeið á vegum Rótarinnar](#).
- ✓ [Konur studdar til bata og Rótarhópar – Vor 2019](#).
- ✓ [„Þú ert ekki ein, við erum margar“ - Námskeið](#)

Erindi og ályktanir

- ✓ [Fyrirspurn frá Rótinni vegna forvarna](#). **10. júní 2018.**
- ✓ [Umsögn Rótarinnar um tillögu til þingsályktunar um áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess](#). **1. nóvember 2018.**
- ✓ [Umsögn Rótarinnar um þungunarfrumvarp](#). **23. janúar 2019.**

Greinar og fréttir

Greinar eftir Rótarkonur hafa birst í fjölmiðlum og við höfum farið í viðtöl til að kynna málstaðinn. Greinarnar má flestar nálgast á heimasíðu félagsins þó að þær hafi flestar birst í öðrum miðlum upphaflega. Við höldum líka úti lifandi Facebook-síðu þar sem við setjum inn áhugavert efni sem tengist okkar málefnum og erum með yfir 2.400 fylgjendur þar:

Greinar

- ✓ [Að sleppa tókunum á rananum](#). Grein eftir talskonu. **21. maí 2018.**
- ✓ [Er kynjaskipt meðferð tiskustraumur?](#) Grein í Mbl., **31. ágúst 2017.**
- ✓ [Ótímabær umræða um fyrirgefningu, iðrun og yfirbót](#). Grein í Fréttablaðinu. **5. september 2018.**
- ✓ [Föllum ekki í hræðsluáróðursgryfjuna](#). Grein í Fréttablaðinu. **4. október 2018.**

- √ [Skömmin þrífst í þögninni](#). Grein í Fréttablaðinu. Framlag Róttarinnar í 16 daga átaki gegn ofbeldi.
- √ [Vímuefnavandi og hugleiðingar um hlutverk RÚV sem útvarps í almannabjónustu](#). Bréf sent útvarpsstjóra. 2. mars 2019.

Viðtöl og fréttir

- √ [Forvarnir - Viðtal við talskonu Róttarinnar í Mannlega þættinum](#). RÚV. 10. október 2019.
- √ <https://www.frettabladid.is/frettir/rotarhopar-fyrir-konur-me-fiknivanda/>
- √ <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/04/27/fengu-lyf-fra-allt-ad-27-laeknum/>
- √ <https://www.visir.is/g/2019190429227/baeta-tharf-urraedi-fyrir-konur-sem-koma-ur-fangelsum->
- √ <https://www.visir.is/g/2018181008956>
- √ <https://www.ruv.is/utvarp/spila/mannlegi-thatturinn/23616?ep=7hleue>

Styrkir

Á síðasta starfsári fékk Róttin eftirfarandi styrki:

- √ **Lýðheilsusjóður**. 250.000 kr. styrkur til *Konur studdar til bata*. 12. júní 2018.
- √ **Velferðarráð Reykjavíkur** veitti 400.000 kr. styrkur til *Konur studdar til bata*. 12. júní 2018.
- √ **Isavia**. 200.000 kr. styrkur til ráðstefnunnar *Drögum kynjatjöldin frá*. 13. febrúar 2019.
- √ **Forsætisráðuneyti**. 200.000 kr. styrkur vegna þátttöku í Kvennarárstefnu Sp. Mars 2019.
- √ **Heilbrigðisráðuneyti**. 1.500.000 kr. styrkur til verkefna félagsins. 24. apríl 2019.
- √ **Lýðheilsusjóður**. 500.000 kr. til *Konur studdar til bata* og 500.000 kr. styrkur til ráðstefnunnar *Drögum kynjatjöldin frá*. 10. apríl 2019.
- √ **Happdrætti Háskóla Íslands**. 100.000 kr. styrkur til ráðstefnunnar *Drögum kynjatjöldin frá*. Mars 2019.

Annað

- √ Róttin tók þátt í vinnu **velferðarráðs Reykjavíkurborgar** um málefni utangarðsfólks og mætti Helena Bragadóttir á fund 10. ágúst 2018 fyrir hönd félagsins. Kristín I. Pálsdóttir hélt svo erindi á morgunverðarfundum ráðstefna í lok apríl 2019.
- √ **Ráðskonom var boðið í heimsókn til Barnaverndarstofu** og tóku þau Heiða Pálmadóttir, Halldór Halldórsson og Funi Sigurðsson á móti Kristínu og Guðrúnu Ebbu þar sem rætt var um forvarnir og kynjasjónarmið í meðferð barna og unglunga með neysluvanda. 12. september 2019.
- √ **Heilbrigðisþing**. Talskona sat heilbrigðisþing heilbrigðisráðherra. 2. nóvember 2019.
- √ **Allsherjar- og menntamálanefnd**. Talskona mætti til að fjalla um umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019 – 2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. 31. janúar 2019.
- √ **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**. Nemendur heimsóttir og rætt um neysluvanda út frá kynjasjónarmiðum. 4. mars 2019.
- √ **Allsgáð æska**. Talskona hélt erindi. 15. apríl 2019.
- √ **ICCAD ráðstefna**. Ráðskonomur sátu ráðstefnuna. 9. júní 2018.
- √ **Samtökin 78**. Ráðskonomur heimsóttu félagið. 12. september 2018.
- √ **Tinna**, fyrir ungar, einstæðar mæður. Talskona hélt erindi. 28. ágúst 2018.
- √ Róttin var þátttakandi í Kvennafrí 24. október 2018.
- √ **DAWF – ráðstefna um konur og fíkn** í Manchester. Kristín, talskona, hélt erindi. 25. maí 2018.